

Íslenska 4. bekkur

Skólaárið

2020- 2021

Helstu námsþættir vetrarins

Námið er byggt upp á hringekjuvinnu út frá kennsluaðferðinni Vörður og vegvísar. Þar er unnið með helstu þætti íslenskunnar, málfræði, ritun, talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir. Hver vika hefst á sameiginlegri yfirferð, kynningu á vinnubrögðum og verkefnum. Hringekjuvinna er 4x í viku. Einnig er unnið sér með stafsetningu og yndislestur.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Ágúst - október : Undirbúningur undir samræmd próf. Fjölbreytt vinna (hringekja) sem byggir á textum úr ýmsum bókum og heftum.

Nóvember - desember : Hringekjuvinna þar sem unnið er með orðflokka, stafsetningu, lesskilning og fl.

Janúar - febrúar : Hringekjuvinna þar sem unnið er með orðflokka, stafsetningu, lesskilning og fl.

Mars - apríl : Hringekjuvinna þar sem unnið er með orðflokka, stafsetningu, lesskilning og fl.

Mái : lokaverkefni 4.bekkjar sem byggt er á smásögum úr bókinni "Kvöldsögur um uppreisnagjarnar stelpur" og tengjast í verkefninu saman íslenskukennsla og samfélagsfræði. Nýttir eru allir þeir þættir íslenskunnar sem lögð hefur verið áhersla á í vetur s.s. málfræði, ritun, lestur og lesskilningur.

Námsmat:

Símat þar sem lagðar eru fyrir kannanir í málfræði og stafsetningu.

Lagðar eru fyrir lesfimi - og lesskilningskannanir a.m.k. 2x yfir skólaárið.

Í lok hverrar annar eru lagðar fyrir kannanir sem mæla heildargetu og skilning nemenda á viðfangsefni vetrarins.

Námsgögn:

Gögn: gömul samræmd próf, Flökkuskinna, Skinna verkefnabók 1 og 2, ýmsir lestextar og verkefni frá kennara, skrifarbækur við hæfi, Lesrún, Orð og setningar 2 og 3.

AS Íslenska 4. bekkur 2019 - 2022 - Talað mál og hlustað

- sagt frá atburðum og/eða upplifunum fyrir framan hóp og nýtt sér gildi góðrar framsagnar
- hlustað með athygli og greint frá aðalatriðum þess sem fram kom

AS Íslenska 4. bekkur 2019 - 2022 - Lestur og bókmenntir

- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- beitt einföldum ljóða- og bókmenntahugtökum
- nýtt sér mismunandi aðferðir við lesturinn og skilning á texta, einföldum skýringarmyndum og táknum
- nýtt sér góðan orðaforða við að skilja texta og ráða í merkingu hans út frá samhengi

AS Íslenska 4. bekkur 2019 - 2022 - Ritun

- skrifað skýrt og læsilega
- beitt aldursamsvarandi stafsetningarreglum við ritun og gerð texta
- skrifað texta og beitt sköpun og/eða farið eftir fyrirmælum þar sem stuðst er við aldursamsvarandi ritreglur

AS Íslenska 4. bekkur 2019 - 2022 - Málfræði

- þekkt helstu orðflokka og veit að þeir lúta ákveðnum reglum við gerð málsgreina
- beitt töluðu og rituðu máli af nokkru öryggi með góðum orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska